



Sýningarnefnd: Pétur Snæland, Halldór Pétursson sjálfur og Lárus Blöndal.

Kjarvalsstaðir:

Ljósmyndir Gunnars Hannessonar og yfirlitssýning á verkum Halldórs Péturssonar

TVÆR myndýningar verða opnaðar að Kjarvalsstöðum í dag kl. 20.30. Í vestursal verður yfirlitssýning á verkum Halldórs Péturssonar og í austursal sýning á ljósmyndum eftir Gunnar heitinn Hannesson.

A sýningu Halldórs Péturssonar verða bæði teikningar og málverk, en Halldór hefur ekki sýnt ollumálverk frá því árið 1952. Elztu myndirnar eru frá 1919, það eru fyrstu teikningar Halldórs, sem hann gerði aðeins 3 ára. Á sýningunni er mikill fjöldi teikninga af kunnufólki, bæði erlendu og íslensku, m.a. myndaflokkur, sem kallast Andlit af skjánum. Þá eru margar hestamyndir á sýningunni, en hestar hafa löngum verið Halldóri hug-


fólgið viðfangsefni. Meðal þeirra mynda má nefna myndaröð, sem ber heitið „Helgi skoðar heiminn“ um strákinn Helga, hestinn hans og hund, sem leggja upp í ferðalag. Ætlunin er að gefa myndröðina út í bókarformi innan tíðar og hefur Njórður P. Njaróvík skrifað texta.

Sýningu Halldórs Péturssonar lýkur 26. september.

Sýning á ljósmyndum eftir Gunnar Hannesson hafði verið fyrirhuguð löngu fyrir lát Gunnars s.l. vor og hafði hann sjálfur þegar hafið undirbúning sýningarinnar. Nokkrar myndanna hafði hann valið fyrir andlát sitt, en fjölskylda hans og vinir luku því verki. Að sögn sonar Gunnars, Gunnars, sem blaðamaður Mbl. hitti að

Kjarvalsstöðum, hafa þeir Haraldur J. Hamar, Gísli B. Björnsson og Mats Wibe Lund veitt ómetanlega aðstoð við val myndanna, vinnu og upphengingu á sýningunni. Haraldur J. Hamar skrifar inngang að sýningarskrá og segir m.a. „... Þótt Gunnar Hannesson hafi ekki sinnt ljósmyndum nema síðasta áratug ævinnar, náði hann undraverðum árangri — ekki aðeins hvað magn og yfirferð varðar, heldur líka árangur. Það er mat þeirra, sem vel hafa vit á, að fáir ef nokkrir héraendur ljósmyndarar hafi komist lengra í listrænni túlkun íslenskrar náttúru í ljósmyndun en Gunnari tókst. ...“

Ljósmyndasýningunni lýkur 28. september.



Gunnar Gunnarsson með eina af ljósmyndum föður síns.

UPPGJAFARHLJÓÐ Í LOÐNUSJÓMÖNNUM

— ÞAÐ er komið hálfgerið uppgjafarhljóð í marga loðnusjómennina, og ég veit, að Reykjaborg, Svanur, Grindvíkingur og Gísli Árni eru að hætta veiðum, þrír þeir fyrst nefndu munu vera á förum í Norðursjó, en mér er

ókunnugt um, hvað Gísli Árni gerir þar til síldveiðin hefst við SA-land 25. september, sagði Andrés Finnbogason starfsmaður loðnufundar í samtali við Morgunblaðið í gær.

Að sögn Andrésar, fann leitar-

skipið Bjarni Sæmundsson litla sem enga loðnu í fyrrinótt og sama var að segja af þeim loðnuskipum, er á miðunum voru. Sagði hann, að þetta væri þó ekki að marka, þar sem leitarvæðið væri gífurlega stórt og því þýddi ekki að örventa, þótt loðnan myndist ekki eina nótt. Andrés sagði, að Bjarni Sæmundsson hætti nú aftur loðnuleit eftir nokkra daga, og væri það mjög slæmt. Árni Friðriksson ætti að hefja loðnuleit á næstunni, en það yrði vart fyrr en um næstu helgi.

Markaður fyrir frysta síld í A- og V-Evrópu

Óvíst með verð

NOKKUR markaður mun nú vera fyrir frysta síld í Vestur- og Austur-Evrópu, en útflutningur á frystri síld er háður sérstöku leyfi Íslenskra yfirvalda og hefur fryst síld ekki verið flutt út í neinum mæli í fjölda ára. Eftir þeim upplýsingum, sem Morgunblaðinu hefur tekist að afla sér, er enn ekki ljóst, hve hátt verð er hægt að fá fyrir síldina, og mun það vera misjafnt eftir löndum.

A síðastliðnu ári var flutt út lítillhættar af frystri síld, síld sem

upphaflega átti að nota til beitu innanlands. Fór mest af því til Þýskalands, og fékkst rétt þolanlegt verð fyrir hana.

Fyrirlestur um Nínu Tryggvadóttur í Listasafni Íslands

Í KVÖLD, fimmtudag, heldur Hrafnhildur Schram listfræðingur fyrirlestur um Nínu Tryggvadóttur í húsakynnum Listasafns Íslands, og hefst fyrirlesturinn kl. 20.30.

A laugardag kl. 16 verður kvikmyndasýning í listasafninu, sem fjallar um tvo af þekktustu málurum heimsins, Hollendingin van Gogh og Norðmanninn Edward Munch. Kvikmyndasýningin hefst kl. 16. Öllum er heimill aðgangur að fyrirlestrinum og kvikmyndasýningunni og er hann ókeypis.

Dagný í söluferð

Síglufrið 15. september.

SKUTTOGARINN Dagný lagði í dag af stað í söluferð til Englands og verður fyrst íslenskra skipa að selja þar fisk, eftir að samkomulagið var gert við Breta í júní s.l. Dagný er með 90 lestrir af ísfiski og um 65 lestrir af heilfrystum fiski. Gert er ráð fyrir, að togarinn selji á mánudag. mj.

Ekkert athugasvert við Þjóðverjana

„VIÐ erum sífellt að skoða aflasamsetningu v-þýzku togaranna á Íslandsmiðum, og enn höfum við ekki séð neitt, sem bendir til þess, að þeir séu brotlegir á neinn hátt, því fiskurinn sem við finnum um borð er sá fiskur, sem þeir hafa leyfi til að veiða hér við land,“ sagði Pétur Sigurðsson forstjóri Landhelgisgæzlunnar í

samtali við Morgunblaðið í gær.

Að öðru leyti sagði Pétur, að lítið væri um að vera á miðunum þessa dagana, en að sjálfsögðu fylgdust skipsmenn varðskipanna með veiðarfærum brezku togaranna og einnig væri vel fylgt með íslenskum og reyndar öðrum skipum, sværu við veiðar hér við land samkvæmt leyfi.

Ísland notað sem jákvæður samamburður við Bandaríkin

EINS og getið var í Morgunblaðinu í gær er staddur héraendis fimm manna flokkur sjónvarpsmanna frá bandarísku sjónvarpsstöðinni NBC, en flokkurinn vinnur að gerð heimildakvikmynda um þær þjóðfélagsbreytingar, sem eru að verða í nútímaþjóðfélagi á Vesturlöndum.

Í fréttinni í gær gætti þess miskilnings, að lögð var of mikil áherzla á glæpi og var sagt að verið væri að gera heimildamynd um glæpi. Þetta er ekki rétt, að sögn Ene Riisna, sem er fyrrirliði hópsins — glæpir og aukin glæpaheigð er aðeins hluti verkefnisins.

Kvikmyndin, sem bandaríska fólkið er að gera, verður 3ja klukkustunda löng og verður í henni leitast við að lýsa vandamálum nútímaþjóðfélags, einkum í Bandaríkjunum. Ísland er lítið land, sem enn a.m.k. er án þeirra miklu vandamála, er hrjá Bandaríkin. Riisna nefndi sem dæmi, að hér væri ekki til kynþáttavandamál og hér væri ekki fátækt, sem unnt væri að finna í Bandaríkjunum. En samt sem áður væri Ísland land, sem væri að breytast úr bændabjófélagi í borgarþjóðfélag. Farið væri að örla á vandamálum, eiturlyf flyttust til landsins,

þótt heróín væri hér sem betur fer ekki til.

Myndin á að sýna fólkið, hvernig það mætir vandamálum daglegs lífs og breyttum viðhorfum. Þjóðfélagið væri í mótun og um leið breyttust manneskjurnar. Í myndinni verður Íslandi slegið upp í samamburði við Bandaríkin — sem jákvæðu litlu landi, sem kannski á við sömu erfiðleika að stríða og Bandaríkin fyrir 50 árum.



Ene Riisna, blaðakona.